



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu:

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur á velferðarsviði um málefni fanga sem hafi það hlutverk að kortleggja þjónustuúrræði fyrir einstaklinga í afplánun eða að ljúka afplánun m.t.t. möguleika á framfærslu, húsnæði, atvinnu, virkni og endurhæfingu og greina þær hindranir sem koma í veg fyrir að einstaklingur nái að aðlagast samfélaginu. Einnig skal starfshópurinn móta tillögur að félagslegri þjónustu við fanga og skýra verklag og leiðir milli þjónustu, sem annars vegar ríkið veitir föngum og hins vegar Reykjavíkurborg og hvernig haga megi samstarfinu á milli aðila. Hópurinn hafi samráð við hagsmunaaðila og notendur þjónustunnar.

### Greinargerð:

Málefni fanga sem ljúka afplánun hafa talsvert verið til umræðu í samfélaginu að undanfögnu. Á opnum fundi velferðarráðs sem haldinn var um málefnið 8. nóvember síðastliðinn kom m.a. fram að föngum finnist flókið og erfitt að sækja þann stuðning sem stendur til boða hjá ríki og sveitarfélögum. Mikilvægt er að greiða leið þeirra að kerfinu og veita ráðgjöf og aðstoð við að sækja um þau úrræði sem eru í boði, s.s. vinna og virkni, fjárhagsaðstoð og húsnæðisumsóknir.

Af þessu tilefni er lagt er til að myndaður verði starfshópur á velferðarsviði sem hafi það hlutverk að kortleggja þjónustuúrræði fyrir einstaklinga sem eru í afplánun eða eru að ljúka afplánun. Í hópnum eigi sæti þrír starfsmenn, annarsvegar frá skrifstofu velferðarsviðs og hinsvegar tveimur þjónustumiðstöðvum. Hópurinn leiti samráðs hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, geðsviði LSH, heilsugæslum, Tryggingastofnun ríkisins, SÁÁ, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossinum, Vernd, Virk og Afstöðu, félag fanga. Hópurinn starfi til loka febrúar 2020.

Kostnaður vegna starfshópsins rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Tillagan hefur verið jafnréttisskimuð og ekki er þörf á jafnréttismati.